

Stefna til hæstaréttar í máli þessu, dags. 18. október 1945, hefur samkvæmt áritun á hana verið birt af einum stefnuvotti og öðrum nafngreindum manni, er stefnuvotturinn kveðst hafa kvatt til í forföllum hins stefnuvottsins. Slik stefnubirting er andstæð 89. gr. laga nr. 85/1936, og leiðir þessi galli til vísunar málsins frá hæstarétti.

Eftir þessari niðurstöðu á málskostnaður fyrir hæstarétti að falla niður.

Dómsorð:

Máli þessu visast frá hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 25. febrúar 1946.

Nr. 158/1945. **Leifur Böðvarsson**

(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

Bæjarfógetanum á Akranesi f. h. ríkissjóðs

(Hrl. Kristján Guðlaugsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað
hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd.
Jónatans Hallvarðssonar.

Skattamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 4. desember 1945 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 5. s. m. Krefst hann þess, aðallega að synjað verði um framgang lögtaksgerðar og honum dæmdur málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti, en til vara, að lögtak verði einungis heimilað fyrir kr. 1980.00 og málskostnaður verði látinn falla niður fyrir báðum dómum. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti.

Í 3. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 219/1939 er svo kveðið á, að sé hlutur seldur hærra verði en hann er fyrndur niður

i, skuli mismunurinn á söluverði hans og eftirstöðvum af afskrift hans teljast skattskyldar tekjur. Venjuleg fyrning á fasteignum er þó undan skilin. Að því er tekur til atvika þessa máls, fer ákæði þetta í bága við 7. og 9. gr. laga nr. 6/1935. Ríkisskattanefnd hefur skýrt ákvæði reglugerðarinnar þannig, að í því felist heimild til að skattleggja sem tekjur þann hluta af söluverði skips, sem nemur fyrningu þess, meðan seljandi átti það, þó ekki meira en söluverð fer fram úr skráðu verði. Jafnvel þó þessi skilningur sé lagður í ákvæði reglugerðarinnar, þá fer það allt að einu í bága við 9. og 10. gr. laga nr. 6/1935. Loks verður að telja, að áfrýjanda hafi verið heimilt að reikna til frádráttar tekjum, er hann aflaði 1942, fyrningu skipsins þann hluta þess árs, er það var í eigu hans.

Samkvæmt framanskráðu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 1200.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, bæjarfógetinn á Akranesi f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Leifi Böðvarssyni, samtals kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fúgetaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. júní 1945.

Ár 1945, laugardaginn þann 30. júní, var í fúgetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var á skrifstofu embættisins í Hafnarfirði í forföllum hins regulega fúgeta af fulltrúa hans Oddgeiri Magnússyni, upp kveðinn úrskurður í lögtaksmálinu:

Bæjarfúgetinn á Akranesi f. h. ríkissjóðs gegn Leifi Böðvarssyni útgerðarmanni, til heimilis að Fögrubrekku í Seltjarnarneshreppi, en mál þetta var tekið til úrskurðar af nýju 22. f. m.

Máli þessu var með dómi hæstaréttar 12. marz s. l. vísað heim

til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju, þ. e. hinn áfrýjaði úrskurður og meðferð málsins frá 12. maí 1944 skyldi ómerk vera.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 22. febr. f. á., hefur gerðarbeiðandinn, bæjarfógetinn á Akranesi, að undangengnum úrskurði s. d., sent til innheimtu þinggjaldsseðil gerðarþola með gjalddaga 18. sept. 1943, að ógreiddum eftirstöðvum, kr. 1980.00.

Einnig skattseðil sama með gjalddaga 31. des. 1943, sem sýnir ógreiddan viðbótar- tekju- og eignarskatt, lífeyrissjóðsgjald, stríðsgróðaskatt og verðlækkunarskatt sama (gerðarþola) samkvæmt úrskurði ríkisskattaneftndar, upp kveðnum 25. nóv. 1943, alls kr. 12619.50.

Lætur gerðarbeiðandi þess getið í lögtaksbeiðninni, að gerðarþoli hafi tilkynnt sér, að skattar þessir yrðu ekki greiddir öðruvísi en með málssókn eða lögtaki.

Umboðsmaður gerðarþola, hrl. Sigurgeir Sigurjónsson, hefur gert þær réttarkröfur, að neitað verði um framgang gerðarinnar og að umbjóðanda hans verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt taxta M. F. Í.

Umboðsmaður gerðarþola hefur til rökstuðnings kröfum sínum bent á, að fyrir árið 1942 hafi umbjóðanda hans verið gert að greiða samtals í skatta kr. 14203.00, og hafi þá upphaflega verið miðað við framtal gerðarþola óbreytt.

Gerðarþoli greiddi þessa upphæð, en eftir að greiðslan átti sér stað, breytti yfirs kattaneftnd Akranesskaupstaðar framtali gerðarþola þannig, að hún neitaði að taka til greina fyrningu m/s Fagraness í 10 mánuði til söludags á árinu 1942, kr. 4500.00, með þeirri röksemd, að þar sem skipið hafi verið selt á árinu fyrir miklu hærri verð en kaupverð þess nam upphaflega, þá geti ekki verið um fyrningu að ræða *á því ári*, og hækkaði nefndin þá skatta gerðarþola um samtals kr. 1980.00 upp í kr. 16183.00.

Við þetta vildi gerðarþoli eigi una og kærði til ríkisskattaneftndar (með bréfi, dags. 28. sept. 1943,) og krafðist þess, að nefnd skattahækkun yrði felld niður með öllu.

Ríkisskattaneftndin staðfesti síðan úrskurð yfirs kattaneftndar Akranesskaupstaðar, en hækkaði auk þess tekjur gerðarþola um kr. 26441.30, þ. e. leyfði ekki afskriftir þær, er fram höfðu farið á fyrri árum, þannig að tekjur gerðarþola voru hækkaðar samtals um kr. 30941.30.

Samkvæmt þessum úrskurði ákvað ríkisskattaneftndin skatta gerðarþola samtals kr. 28802.50, sem að frádregnum kr. 14203.00, er greiddar hafa verið, nema kr. 14599.50, eða þeirri upphæð, sem lögtaks var krafizt fyrir.

Umboðsmaður gerðarþola hefur algerlega mótmælt réttmæti þessarar kröfu á þeim forsendum, að úrskurður yfirséðanefndar Akranesskaupstaðar og ríkisskattaneftndar séu ekki lögum samkvæmir.

Telur umboðsmaður gerðarþola, að ríkisskattaneftnd hafi byggt þessa ákvörðun sína á 3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar frá 1939, er hljóðar svo: „Ef hlutur er seldur hærra verði en hann er fyrndur niður í, skal mismunurinn á söluverði hans og eftirstöðvum af afskrift hans teljast skattskyldar tekjur.“

Þetta á þó ekki við um reglulega fyrningu á fasteignum.“

Heldur umboðsmaður gerðarþola því fram, að þessi regla eigi ekki stöð í lögum þeim, er reglugerðin byggist á, en í öðru lagi, að þó svo væri, þá gildi reglan ekki hér, þar sem hér sé um skip að ræða, en um þau gildi sama reglan og um fasteignir per analogiam, sbr. sömu málsgrein in fine.

Þá heldur umboðsmaður gerðarþola því fram, að umbjóðandi hans hafi samkvæmt 10. gr. tekjuskattslaganna nr. 6 frá 1935 haft heimild til að draga frá venjulega fyrningu, eða í þessu tilfalli 6% af váttryggingarverði m/s Fagraness, hvað hann hafi gert athugasemdalaust af skattaneftndum öll þau ár, er hann átti skipið og þar til skattaneftndin svipti gerðarþola þeim rétti, og það algerlega heimildarlaust, að hann telur.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda, hrl. Kristján Guðlaugsson, hefur gert þær réttarkröfur, að hin umbeðna gerð nái fram að ganga og að umbjóðanda hans verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur mótmælt þeirri skoðun umboðsmanns gerðarþola, sem hann aðallega byggir kröfu sína á, þ. e. að 3. mgr. 1. gr. fyrrgreindrar reglugerðar frá 1939 hafi ekki stöð í lögum nr. 6 9. janúar 1935.

Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælt þeirri skoðun umboðsmanns gerðarþola, sem hann byggir kröfur sínar á, í öðru lagi, að þótt reglan hafi stöð í lögum, þá gildi hún ekki hér, þar sem um skip sé að ræða, en um þau gildi sama reglan sem um fasteignir per analogiam samkvæmt sömu grein in fine.

Telur umboðsmaður gerðarbeiðanda slíka lögjöfnun vafalaust vera heimila, ef fasteignir og skip lytu að öllu leyti sömu reglum, en svo sé að sjálfsögðu ekki.

Telur hann og, að ráðherra geti vafalaust látið undantekningarákvæðin um venjulega fyrningu fasteigna einnig ná til skipa, svo sem gert hafi verið í reglugerð nr. 57 frá 17. apríl 1944.

Þetta hafi ekki verið gert í reglugerð nr. 219 21. des. 1939 og skiljist sér, að úrskurður ríkisskattaneftndar sé réttur, og fullyrðir, að analogía umboðsmanns gerðarþola í þessu efni hafi ekki við

rök að styðjast, heldur þurfi skýlaust laga- eða reglugerðarákvæði til að skip skuli við sölu lúta sömu reglum og fasteignir, að því er fyrningu varðar.

Eigi verður að áliti réttarins fallizt á varnarástæður umboðsmanns gerðarþola.

Ákvæði 3. mgr. reglugerðar nr. 219 frá 1939 virðist sett samkvæmt heimild í lögum nr. 6 frá 9. jan. 1935, gr. 10, og getur rétturinn því ekki fallizt á þá varnarástæðu gerðarþola, að reglugerðarákvæðið eigi ekki stoð í lögum. Heimild ráðherra, sbr. l. nr. 6 frá 1935, til að ákveða með reglugerð, hvernig fyrningarafskrift skuli koma til frádráttar skattskyldum tekjum, virðist nægilega rúm til að skipa þessum málum, svo sem gert er í reglugerð nr. 219 frá 1939. Aðalvarnarástæða gerðarþola verður því ekki tekin til greina.

Niðurlagsákvæði 3. mgr. reglugerðar nr. 219 frá 21. des. 1939 um breytingu á reglugerð nr. 133 frá 23. des. 1936 um tekju- og eignarskatt er undantekningarákvæði, sem ekki verður lögjafnað frá á þann hátt, sem gerðarþoli hefur viljað halda fram. Samanburður í ákvæði reglugerðar nr. 133 frá 1936, 3. mgr. in fine, og ákvæði reglugerðar nr. 57 frá 17. apríl 1944, 3. mgr. in fine, bendir og til þess, að ekki sé heimilt að lögjafna frá niðurlagsákvæði 3. mgr. reglugerðar nr. 219 frá 1939, heldur beri að skoða niðurlag 3. mgr. reglugerðar nr. 57 frá 1944 sem efnisbreytingu á niðurlagsákvæði 3. mgr. reglugerðar nr. 219 frá 1939. Sú varnarástæða gerðarþola, að skip falli undir ákvæði reglugerðar nr. 219 frá 1939, 3. mgr. in fine, verður því heldur ekki tekin til greina. Þá verður heldur ekki á það fallizt hjá umboðsmanni gerðarþola, að umbjóðandi hans geti losnað við skattgreiðslu þá, sem hann nú er krafinn um, með þeim rökum, að gerðarþoli hafi óátalið afskrifað 6% á ári af váttryggingarverði m/s Fagraness öll þau ár, sem hann átti skipið. Sú afskrift hefur á sínum tíma verið heimil og gerðarþoli notið skatthlunninda hennar vegna öll þau ár, sem hann átti skipið. Þegar hann hins vegar selur skipið á árinu 1942, kemur í ljós, að söluverð skipsins er slíkt, að afskriftarheimildin hefur verið notuð algerlega um þörf fram, og því ber gerðarþola að greiða skatta af þeim fjárhæðum, sem hann vegna fyrningar hefur fengið dregið frá tekjum fyrri ára.

Mótmæli gerðarþola gegn framgangi gerðarinnar verða því ekki tekin til greina, og ber því að taka til greina kröfur gerðarbeiðanda og leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar til tryggingar framangreindum þingjaldskröfum gerðarbeiðanda.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði kr. 600.00 í málskostnað.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu úrskurðar þessa, stafar m. a. af margháttuðum embættisönnum dómarans.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal ná fram að ganga.

Gerðarþoli greiði umboðsmanni gerðarbeiðanda kr. 600.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. febrúar 1946.

Nr. 36/1945. **Jakob Jónsson, Kristján Jónsson, Þorsteinn Jónsson og Björgvin P. Jónsson**
(Hrl. Gústav Sveinsson)
gegn

Verzluninni Agli Jacobsen h/f
(Hrl. Gústaf Sveinsson)

Húsaleiga. Útburðargerð.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Þosteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. marz 1945. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburðargerðina. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum in solidum málskostnað fyrir hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum að greiða stefnda in solidum málskostnað fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 700 krónur.

Það athugast, að fógeti hefur ekki ákveðið, hvort málið skyldi flytja munnlega eða skriflega og að gagnasöfnun hefur ekki farið fram á réttu stigi málsins.